

LAUGALÆKJARSKÓLI

Verkferlar í læsi og ritun í Laugalækjarskóla

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Júní 2012



Fríða S. Haraldsdóttir verkefnisstjóri

Anna Guðný Guðjónsdóttir
Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir
Margrét Sólmundsdóttir
Nanna Ævarsdóttir
Selma Gunnarsdóttir

Innihald

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	2
Frávik miðað við áætlun verkefnis.....	3
Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu	3
Niðurstöður verkefnisins	3
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	5
Annað.....	5
Heimildaskrá.....	7

Nafn skóla: Laugalækjarskóli

Nafn verkefnis: Verkferlar í læsi og ritun í Laugalækjarskóla

Nafn verkefnisstjóra: Fríða S. Haraldsdóttir deildarstjóri

Sótt var um kr. 1.200.000 þús. vegna verkefnisins til Sprotasjóðs, styrkur frá Sprotasjóði var kr. 600.000.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmiðið með verkefninu var að skipuleggja og koma á verkferlum í læsi og ritun í öllum árgöngum skólans (7.-10. bekk) þannig að þeir myndi eina heild. Í verkefninu var unnið að því að samþætta læsi og ritun í ýmsum námsgreinum við verkefnaferla í upplýsingaveri en það skipar stóran sess í námi nemenda í Laugalækjarskóla. Ýmsar leiðir voru farnar til að ná settum markmiðum s.s.:

1. skipulag á lestrarþjálfun og lesskilningi –innleiðingu aðferða góðra lesara til að öðlast dýpri skilning á efninu
2. lestur bóka - bókmennta og fræðirita, tímarita o.s.frv.
3. skipulag ritunar; skapandi skrif og fræðileg ritun
4. að búa til viðmið í læsi og ritun sem skólinn telur eðlilegt að nemendur nái, að meðal-lestrarhraði nemenda í raddlestrarprófi í 7. bekk verði 250 atkvæði að vori og meðaleinkunn í lesskilningsprófum í 7. og 8. bekk hækki um 0,8 í hvorum árgangi fyrir sig
5. uppbygging orðaforða,
6. notkun lesþjóns (Easy Tutor) fyrir nemendur með lestrarörðugleika

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Myndaður var hópur þar sem íslenskukennarar, stoðkennari og deildarstjórar í upplýsingaveri mótuðu vinnuferla í læsi og ritun. Hópurinn hittist reglulega í lotum og unnu að ferlunum. Tvisvar fór hópurinn í „vinnubúðir“ og reyndist það mjög vel að geta unnið samfleytt að verkinu og einbeitt sér án truflunar. Aðaláherslan var að búa til skipulag sem innleiddi aukinn lestur og stuðluðu að meiri lestraránægju nemenda, búa til viðmið í læsi og endurskoða og skipuleggja ritunarkennslu í skólanum.

Frávik miðað við áætlun verkefnis

Nokkrar breytingar urðu á verkefninu frá upphaflegri áætlun. Aðgang að lesskilningsprófum fengum við fyrst núna á vorönn 2012 og skipulag á ritunarferli er langt komið en ekki að fullu lokið. Á vordögum 2011 sóttu Laugarnes- og Laugalækjarskóli um styrk til að vinna að stefnumótun um „Lestur til náms og yndis“ í 5.-10. bekk en nemendur Laugalækjarskóla koma úr Laugarnesskóla. Styrkur að upphæð kr. 200.000 fékkst frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og fór samstarfið af stað á haustdögum 2011 og hélt áfram fram yfir áramót 2012 og tók einnig til ritunar. Markmiðið með samvinnunni var að móta heildstæða stefnu í læsi og ritun í Laugarnes- og Laugalækjarskóla. Þetta samstarf féll að hluta til inn í það starf sem Sprotasjóður styrkti.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Ávinningur af verkefninu er ótvíræður og felur í sér verkferla í læsi og ritun í skólanum. Tækifæri gafst til að kafa djúpt í efnið í umræðum um verkferlana í vinnuferðum. Hópurinn sem vann að verkinu sökkta sér niður í lestur fræðiefnis og í framhaldi af því urðu líflegar umræður sem skiluðu sér inn í markmið og verkferla. Þá kom námskeið sem Guðmundur Engilbertsson lektor og sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar við HA hélt að ágætu gagni. Yfirlestur Baldurs Sigurðssonar dósents við Menntavísindasvið HÍ á verkferlum í læsi og ritun skilaði okkur ýmsum hugmyndum sem við vinnum áfram að.




Niðurstöður verkefnisins

- **Verkferlar** í læsi og ritun
- **Hæfniviðmið** út frá nýrri námskrá— er enn í vinnslu
- **Raddlestrarpróf** í 7. bekk. Nemendum sem ekki hafa náð lágmarki skólans í lestrarfærni fylgt eftir. Viðmið skólans eru 250 atkvæði á mínútu, stuðst var við viðmið úr *Fluglæsi*.
 - Raddlestarpróf hafa verið lögð fyrir nemendum 7. bekkjar undanfarin þrjú ár í nóvember og febrúar, við upphaf lestarátaks og við lok þess. Í nóvember 2011 reyndist lestrarhraði vera 199 atkvæði á mínútu að jafnaði, sem gæfi einkunnina 8,0. Í febrúar 2012 náðu sömu börn að lesa 221 atkvæði á mínútu að jafnaði, sem

gæfi einkunnina 8,7. Þetta eru miklar framfarir á skömmum tíma og við erum mjög sátt við árangurinn.

Lestraráttak í 7., 8. og 9. bekk. Lestraráttak er á dagskrá í 7. og 8. bekk frá nóvember fram í janúar. Í eldri deildum er það styttra. Ánægja af lestri í Laugalækjarskóla er með því allra mesta sem gerist í grunnskólum landsins eins og sjá má á fylgjandi punktariti frá Skólapúlsinum. Þess má geta að sérfræðingar hjá Skólapúlsinum segja að þessi kvarði - *Ánægja af lestri* - hafi mikið forspárgildi fyrir námsárangur almennt.

Hér má sjá niðurstöður Skólapúlsins síðastliðin þrjú skólaár.



- **Lestur** í lestrarhópum. Ýmist les allur bekkurinn sömu bókina eða myndaðir eru smærri hópar sem hittast einu sinni í viku og vinna saman að því að auka skilning sinn á bókinni.
- **Lesskilningspróf** í 7. og 8. bekk – samræmd próf í 7. bekk og Orðarún í 7. og 8. bekk. Til að meta framfarir í lesskilningi litum við til tveggja mælinga. Annars vegar er það lesskilningsþáttur í samræmdu prófi í 7. bekk og hins vegar niðurstöður úr hinu staðlaða prófi Orðarún sem sömu börn glímdu við seinni hluta vetrarins 2012. Meðalraðeinkunn í samræmda prófinu var 49 en meðalraðeinkunn í Orðarún 58%. Með þeim fyrirvara að ekki er um eins próf að ræða er hér komin sterk vísbending um umtalsverðar framfarir í lesskilningi.
- **Lestur** fræðiefnis – bóka og á netinu – tengist verkefnum í samvinnu við upplýsingaver
- **Samstarf** um lestrarferla við Laugarnesskóla sem skilaði einnig samstarfi um verkferla í ritun
- **Lesþjónn**. Notkun lesþjóns (*EasyTutor*) er eðlilegur þáttur í námi nemenda sem þess þurfa
- **Ritun**. Samþætting skapandi ritunar við verkefni í ýmsum námsgreinum
- **Kvikmyndir** og bókmenntir – að rýna í kvikmynd sem gerð er eftir bók

Markmiðin varðandi verkferla í læsi og ritun náðust. Einnig tekist að auka lestur í skólanum.

Endurtekin mæling á getu nemenda í lestri og lesskilningi hefur skilað meiri eftirfylgni.

Verkferlarnir hafa fest sig í sess. Sama má segja um lestur á fræðiefni, þar þurfa nemendur að lesa fræðitexta þegar þeir afla upplýsinga í fjölbreyttum verkefnum sem unnin eru samkvæmt fastmótaðri áætlun í upplýsingaveri skólans. En þetta er eilíft verkefni, enn er mikið starf óunnið hvað varðar aðferðir við lesskilning og orðaforðanám.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kynning hefur þegar farið fram á verkefninu á Öskudagsráðstefnu Menntasviðs Reykjavíkur 9. mars 2011 og á ráðstefnu Móðurmálskennara 2009. Þá hafa kennarahópar komið í skólann til að fá kynningu á verkefninu og einnig namar af Menntavísindasviði HÍ. Í haust verður verkefnið kynnt á ráðstefnu Sprotasjóðs.

Annað

Styrkurinn frá Sprotasjóði gaf okkur tækifæri til að kafa enn dýpra í vinnu sem þegar var hafin í skólanum. Hópurinn sem vann að verkefninu las fræðirit, sótti ráðstefnur og fékk til sín

fræðimenn í greininni. Okkur tókst að innleiða ferla í læsi og áfram heldur vinna við innleiðingu breyttra ferla í ritun. Við þökkum fyrir styrkinn og höfum mikinn hug á að halda áfram.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Almennur hluti. (2012). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Atwell, N. (1998). *In the Middle*. Portsmouth, NH: Heinemann.

Dagný Birnisdóttir, Rósa Eggertsdóttir, Amalía Björnsdóttir. (2011). *Orðarún. Mat á lesskilningi*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Dan Kirby, D. I. (2004). *Inside out. Strategies for Teaching Writing*. Portsmouth, NH: Heinemann.

Gallagher, K. (2003). *Reading reasons*. Portland, Maine: Stenhouse Publishers.

Gallagher, K. (2006). *Teaching Adolescent Writers*. Portland, Maine: Stenhouse Publishers.

Gallagher, K. (2009). *Readicide*. Portland, Maine: Stenhouse Publishers.

Gallagher, K. (2011). *Write like this*. Portland, Maine: Stenhouse Publishers.

Rósa Eggertsdóttir (ritstjóri). (1998). *Fluglæsi, áherslur, stefnumörkun og aðferðir í lestrarkennslu*. Akureyri: Skólajónusta Eypings.

Dagsetning: Reykjavík, 20. júní 2012

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla